

Inngangur

Starfsáætlun Fellaskóla er upplýsingarit um starfsemi skólans. Hér er aðeins um yfirlit að ræða yfir helstu áherslur, viðburði og markmið í skólastarfinu. Hér má einnig finna ýmsar hagnýtar upplýsingar.

Fellaskóli Múlapingi

Heimilisfang: Einhleypingi 2, 700 Egilsstöðum

Sími: 4700640

Netfang: fellaskoli@fell.is

Heimasíða: <http://fell.is>

Skólastjóri: Anna Birna Einarsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Hjördís Marta Óskarsdóttir

Grunnskólinn Borgarfirði eystra

Netfang: sigurdur.sigurdsson@mulathing.is

Sími: 47000560 og 47000561

Skólastjóri: Anna Birna Einarsdóttir

Deildarstjóri Borgarfirði eystra: Sigurður Högni Sigurðsson

Stefna Fellaskóla

Bókvit – siðvit – verkvit

Einkunnarorð Fellaskóla byggja á ljóðlínnum Matthíasar Jochumsonar

*Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að bjóða
Hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna og góða.*




Í stefnu Fellaskóla felst að við leggjum jafna áherslu á bókvit, siðvit og verkvit. Starfið skal stuðla jafnt að tilfinningalegum, vitsmunalegum og félagslegum þroska.

Í skólanum er stefnt að því að nemendur öðlist alhliða menntun og að hæfileikar hvers og eins fái notið sín.

Leitast skal við að hafa markmiðin skýr fyrir nemendum og þeir eru studdir við að taka ábyrgð í námi og vera við stjórn á framvindu eigin náms.

Í skólanum ríkir samkennd og vinátta. Lögð er áhersla á að öllum nemendum líði vel og finni til öryggis

Skipurit Fellaskóla



Fræðslustjóri
Múlþingi

Skólastjóri

Aðstoðarskólastjóri

Kennsla

- Deildarstjóri B
- Umsjónarkennarar
- Sérgreinakennarar
- Proskabjálfi

Stoðþjónusta

- Verkefnastjóri stoðþjónustu
- Sérkennarar
- Stuðningsfulltrúar

Þjónusta

- Ritari
- Skólaliðar

Að auki eru það

- Skólaráð
- Foreldrafélag
- Nemendaverndarráð
- Nemendaráð

Stjórnun

Skólastjóri er Anna Birna Einarsdóttir. Hún er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart fræðslustjóra og sveitastjórn. Aðstoðarskólastjóri er Hjördís Marta Óskarsdóttir. Í sameiningu veita þær skólanum faglega forystu og skipta með sér verkum við stjórn skólans.

Sigurður Högni Sigurðsson er deildarstjóri á Borgarfirði eystra og fer með daglega stjórnun og umsýslu þar.

Starfsfólk

Starfsmannahópur Fellaskóla skólaárið 2021- 2022 eru 31 starfsmaður í mismunandi stöðuhlutföllum. Á vegum heilsugæslunnar starfa skólahjúkrunarfræðingar og einnig vinna með okkur starfsmenn skólaskrifstofu Múlaþings og starfsmenn ALL teymis félagsþjónustu Múlaþings.

Starfsáætlun 2021 - 2022

Í Fellaskóla er samkenndi árganga. Það hefur löngum verið með þeim hætti í sumum árgöngum en öðrum ekki. Það hefur ráðist af misjöfnum stærðum árganga.

Skólaárið 2021 - 2022 verða allir árgangar í blönduðum lotuverkefnum í hverri viku.

Kennslufyrirkomulagið er með þeim hætti að kennt er á yngsta stigi (1. – 4. bekk), miðstigi (5. – 7. bekk) og unglíngastigi (8. – 10. bekk). Útfærslurnar á stígunum eru með mismunandi hætti. En það eru líka samkennsluhópar á hverju stigi s.s. 2. og 4. bekkur á yngsta stigi, 5. og 6. á miðstigi og 8.og 9. á unglíngastigi.

Á hverju stigi starfa kennarar og annað fagfólk saman í teymlum. Teymin skipuleggja í sameiningu vinnuna sem fram fer á stígunum.

Á yngsta stigi er námið skipulagt út frá aðferðum Byrjendalæsis og nemendum blandað upp í mismunandi hópa þvert á árganga í fjölbreyttum stöðvaverkefnum. Þar eru 2. og 4. bekkur samkennsluhópar en ekki 1. og 3. bekkur.

Á miðstigi er nemendum skipt í tvo umsjónarhópa þar sem 5. og 6. bekkur eru samkennsluhópur og 7. bekkur einn hópur. Þar er lögð áhersla á útikennslu og útinám. Þar er námið skipulagt í lotum út frá þeim að hluta til en einnig tímar í töflu í ákveðnum námsgreinum. Í lotuverkefnum vinnur allt miðstígg saman eða hópnum er skipt upp í minni hópa þvert á árgang. Á miðstigi er lögð áhersla á samræðu og ígrundun sem mikilvæga kennsluáferð.

Á unglíngastigi er nemendum skipt niður í tvo umsjónarhópa, samkennsla í 8. – 9. bekk og 10. bekkur sér. Nám á unglíngastigi er skipulagt í lotum sem vara í ákveðinn tíma. Í lotunum er leitast við að samþætta námsgreinar og gefa nemendum svigrúm til þess að axla meiri ábyrgð á eigin námi. En á unglíngastigi eru einnig kennslustundir með ákveðnum námsgreinum s.s. stærðfræði, enska og íslenska.

Við skipulag kennslu er horft til þess að nemendur eru á hverjum tíma mislangt komin á mismunandi sviðum þroska. Nemendur hafa einnig mismunandi styrkleika, áhugasvið og getu. Námi og öðru starfi skólans er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemandans út frá forsendum og hæfileikum hvers og eins. Skólastarfið miðast við að stuðla jafnt að tilfinningalegum og félagslegum þroska sem og vitsmunalegum.

Í Fellaskóla gerum við list- og verkgreinum hátt undir höfði. Hvert stígg fer þrisvar sinnum í viku í list- og verkgreinar. Stígunum er skipt niður í fjóra blandaða hópa þvert á árganga. Hver hópur er í 7 vikur í einni list – eða verkgrein og rúllar þannig frá einni list – og verkgrein yfir í aðra. List- og verkgreinarnar eru fjórar, myndmennt, heimilisfræði, smíði og textílmennnt. List- og verkgreinar eru í nánú samstarfi við umsjónarkennara og þannig vinna nemendur verkefni í list- og verkgreinum m.a. sem tengjast eða eru hluti af þeim stígganna hverju sinni.

Í vetur verður lögð áhersla á eftirfarandi þætti á öllum stíggum í Fellaskóla:

- Efla og styrkja sjálfstæði nemenda í námi
- Gefa nemendum tækifæri til að kafa dýpra í viðfangsefnið – læra meira
- Gefa öllum nemendum tækifæri til að læra með þeim hætti sem þeim lætur best (fjölgreindir)
- Gera námið og námsumhverfið opið, hvetjandi og skapandi
- Hafa meiri samfellu í námi nemenda og vinnulotum
- Gefa nemendum tækifæri til að vinna saman þvert á skilgreinda bekk

Hagnýtar upplýsingar

Fellaskóli er einn af sex grunnskólum í nýju sameinuðu sveitafélagi Múlaþingi. Frá áramótum 2020 – 2021 eru Grunnskólinn á Borgarfirði og Fellaskóli með sameiginlegan skólastjóra en deildarstjóri á Borgarfirði sér um alla daglega umsýslu í leik- og grunnskólanum þar. Undanfarin ár hafa grunnskólinn á Borgarfirði og Fellaskóli verið í samvinnu þar sem nemendur frá Borgarfirði hafa komið í Fellaskóla í hverri viku og sótt þær kennslustundir sem eru í boði þann dag.

Fellaskólanemendur hafa einnig farið niður á Borgarfjörð í tengslum við þemaverkefni s.s. fuglaverkefni.

Á Borgarfirði eystra eru 3 nemendur í grunnskólanum og tveir nemendur á leikskólanum. Þar eru 5 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum. Samstarf er á milli tónlistarskólans á Brúarási og grunnskólans á Borgarfirði og frá Brúarási koma tónlistarkennarar einu sinni í viku á Borgarfjörð.

Tónlistarskóli Fellabæjar er staðsettur inni í Fellaskóla og fyrir vikið mjög náið samstarf á milli grunn- og tónlistarskóla.

Í Fellaskóla eru 94 nemendur og 31 starfsmenn í misjöfnum starfshlutföllum skólaárið 2021 – 2022.

Stór hluti nemenda koma úr nærliggjandi sveitum, og koma með skólabil. En þorri nemenda kemur úr Fellabæ.

Nemendum gefst kostur á að vera í mötuneyti skólans sem er samrekið mötuneyti fyrir alla skóla Fljótsdalshéraðs. Máltíðin kostar 473 kr. Nemendum gefst einnig kostur á að kaupa mjólk, 633 kr. á mánuði og ávexti í hressingu sem kosta 1056 á mánuði.

Í skólanum er frístund og þar geta nemendur í 1. – 4. bekk dvalið frá kl. 8.00 – 9.00 á morgnanna og 14.00 – 16.00 eftir að skóla lýkur. Fyrstu 20 tímarnir í frístund kosta 264 kr. en eftir það fer klukkustundagjaldið niður í 179 kr. Síðdegishressing í frístund kostar 136 kr. á dag.

Skólinn opnar kl. 8.00 fyrir nemendur í frístund en 8.45 fyrir aðra nemendur. Fellaskóli er staðsettur við Einhleyping 2 í Fellabæ. Síminn er 4700640 og heimasíðan <https://www.fell.is/>

Um skólaakstur sjá Hlynur Bragason, Sæti ehf. og Sigurbjörn Árnason.

Nemendafélag Fellaskóla

Kynning, lög og starfsreglur

Við alla grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Nemendafélag vinnur m. a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjór sjá

til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur m.a. kostningu í stjórn félagsins og kostningu í skólaráð skv. 2. mgr.8. gr.

Formaður: Ragnar Torfason 10. bekk

Meðstjórnendur: Ína Berglind Guðmundsdóttir 9. bekk

Sóley Dagbjartsdóttir 8. bekk, Gabríel Glói Freyson 7. bekk og Símon Örn Teirson 6. bekk.

Starfsreglur nemendafélags Fellaskóla

1. Í nemendafélaginu sitja fulltrúar nemenda í fimm elstu árgöngum skólans, einn ú hverjum árgangi 6. – 10. bekk. Valið hefur verið í ráðið á haustin í samstarfi við nemendur, kennara og skólastjóra.
2. Nemendafélagið fjallar um efni sem tengjast félagsstarfi nemenda og leitar leiða til þess að styðja við jákvæðan skólabrag og virkja aðra nemendur. Nemendaráð getur komið með tillögur að viðburðum og verkefnum á skólaárinu.
3. Fulltrúar í nemendaverndarráð geta tekið upp mál á fundum að eigin frumkvæði og einig sem fulltrúar annarra nemenda.
4. Aðstoðarskólastjóri starfar með nemendaráði og sér um að boða fundi. Skólastjóri starfar með ráðinu að ákveðnum málum.
5. Nemendafélag fundar einu sinni í mánuði.

Leyfi nemenda.

Nemendum ber að mæta vel upplagðir í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag. Þeim ber að mæta stundvíslega í hverja kennslustund. Sé ekki sótt um leyfi fyrirfram hjá umsjónarkennara eða skólastjórnendum verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Umsjónarkennari viðkomandi nemanda hefur heimild til að veita leyfi úr einstaka kennslustundum í allt að tvo skóladaga að fengnum rökstuddum ástæðum foreldra. Um lengra leyfi þarf að sækja til skólastjórnenda með góðum fyrirvara.

Í lögum um grunnskóla segir svo: Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu frá skólasókn er skólastjóra/ aðstoðarskólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara barnsins telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.

Veikindi nemenda.

Veikindi nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Það er hægt að gera símleiðis eða með tölvupósti. Það er einnig hægt að skrá veikindi inni í Námfús. Hringt er heim til nemenda á yngsta stigi ef engin skýring er á fjarvist viðkomandi. Á eldri stigum er sendur heim póstur. Ef nemandi er veikur samfleytt í 10 daga er óskað eftir læknisvottorði.

Myndatökur og myndbirtingar í skólastarfi.

Lögð er áhersla á að mynda nemendur við leik og störf í skólanum til að gefa öðrum kost á að fylgjast með því sem um er að vera í skólanum. Foreldrar/ forráðamenn ákveða í samráði við börn sín hvort þau samþykkja að teknar séu myndir að börnunum í skólastarfinu og fylla út þar til gert eyðublað. Myndirnar eru vistaðar á öruggu svæði skólans og eingöngu notaðar með fréttum af skólastarfinu á heimasíðu skólans.

Skóladagatal

Skóladagatal er að finna á heimasíðu skólans. Það sýnir þá daga sem nemendur eru í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemer Skóladagar eru 180 og þar af er miðað við allt að 10 dögum með skertri/sveigjan að segja nemendur eru ekki fullan skóladag í skólanum.

Skólabyrjun/skólalok

Skólaárið hefst á skólasetningardegi 24. ágúst 2021 og því lýkur á skólaslitadegi þ

Skóladagurinn

Skóli hefst kl. 9:00 og stendur til kl. 14:00 alla daga vikunnar hjá yngsta stigi (1. – 4. bekk).

Skóladagurinn hjá mið- og unglingastigi er frá kl. 9:00 til 14:00 á mánudögum og föstudögum. En þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga er skóladagurinn þeirra til kl. 15:00.

Fríminútur á yngsta stigi eru kl. 10:00 – 10:30 og hádegisverður er kl. 11:30.

Fríminútur á miðstigi eru kl. 10:20 og hádegisverður kl. 12:00.

Fríminútur á unglingastigi eru kl. 10:20 og hádegisverður kl. 12.20

Leyfis dagar

Jólaleyfi er frá og með 18. desember til og með 2. janúar. Starfsdagur kennara er 3. janúar og kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 4. janúar. Páskaleyfi er frá og með 11. apríl til og með 18. apríl. Kennsla hefst 19. apríl. Haustfrí er 25. október og starfsdagur kennara 26. október. Vetrarfrí verður 3. og 4. mars.

Starfsdagur kennara

Starfsdagur kennara við upphaf skólaárs eru 16. - 23. ágúst og 3. og 7. júní við lok skólaárs.

Starfsdagur kennara á skólaárinu eru 26. október, 4. janúar, 26. nóvember, 3. janúar, 14. febrúar og 1. júní.

Viðburðardagatal

24. ágúst - skólasetning

25. – 27. ágúst – útivistardagar

21. september– kynningarkvöld í skólanum

29. – 30. september -samræmd próf 7.b

6. – 7. október – samræmd próf 4. b

19. október - uppbrotsdagur

25. október – haustfrí

4. nóvember – foreldraviðtöl

17. desember – litlu jólin

15. febrúar - foreldrasamtöl
28. febrúar – bolludagur
1. mars– sprengidagur
2. mars – öskudagur
8. – 10. mars – samræmd próf 9. b
16. mars – uppbrotsgangur
7. apríl – árshátíð
8. apríl – föstudagurinn stutti
21. apríl – sumardagurinn fyrsti
16. – 17. maí – uppbrotsgangur
18. maí - útivistardagur
26. maí – uppstigningardagur
27. maí – héraðsmót
2. júní - skólaslit

Samræmd próf

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir samræmdu námsmáti í grunnskólum, leggur grunnskólum til samræmd könnunarpróf og annast framkvæmd samræmds námsmats. Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði hafa verið lögð fyrir nemendum í 4. og 7. bekk. En prófafyrirkomulag hjá MMS er í endurskoðun á þessu skólaári svo það voru engin samræmd próf 2021. Samræmd próf eru einnig lögð fyrir 9. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku. Skólastjóra er heimilt, ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir, að veita nemendum undanþágu frá því að þreyta könnunarpróf í einstökum prófgreinum. Námsmatsstofnun hefur umsjón með gerð og framkvæmd samræmds námsmats og prófa. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmds námsmats, prófa og rannsókna í grunnskólum og undanþágur nemenda frá samræmdu námsmáti. Kennsla í öðrum árgöngum er með eðlilegum hætti þessa daga.

Útívika

Fyrstu dagar hvers skólaárs eru helgaðir útivist. Þá daga eru nemendur með umsjónarkennara sínum og e.t.v. fleiri bekkjum við leik og störf. Einn dag í útívikunni er farið í lengri gönguferð, en sá dagur er svokallaður “1+1 dagur” á skóladagatali og er venjulegur skóladagur + skertur dagur. Þann dag eru skólalok síðar en venjulega. Í ár var tvöfaldi dagurinn á Hallormsstað og lengsta gangan var gengin yfir Hallormsstaðahálsinn.

Öskudagur

Öskudagur er skertur skóladagur en þá er styttri viðvera en aðra daga. Nemendur mæta klæddir í öskudagsbúninga og er haldið upp á daginn á sal skólans þar sem farið er í leiki, dansað og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Kynningarkvöld

Kynningarkvöld með foreldrum er í september. Á þessum kvöldi kynna kennarar fyrir foreldrum starfsáætlun vetrarins, fyrirkomulag námsins, tengiforeldrar eru valdir og fleira tekið fyrir sem mikilvægt er. Í ár voru tilmæli frá Almannavörnum að hafa alla fundi rafræna ef tök er á. Í stað þess var ákveðið að setja upplýsingarnar sem stigin höfðu tekið saman inn á heimasíðu skólans. Þannig að kynning á skólastarfi mið- og unglingsstigs er inni á heimasíðu skólans undir Námið. Yngsta stig tók upp kynninguna en þar sáu nemendur um að segja frá því sem þar er gert. Kynning var svo send á alla foreldra barna á yngsta stigi með rafrænum hætti.

Foreldrasamtöl

Foreldradagur er í nóvember og í febrúar. Þá mæta nemendur til samtals við umsjónarkennara sinn ásamt foreldrum. Í upphafi skólaárs eru foreldrar nemenda í 1. bekk ásamt nemendum boðaðir á fund með umsjónarkennara og skólastjóra.

Skertir dagar

Uppbrotsdagar eða óhefðbundnir daga á skóladagatali eru níu. Fjóra daga eru tvöfaldir dagar, þeir eru: göngudagur í útiviku, kynningarkvöld, þemadagur og árshátíð. Skertir dagar með styttri viðveru eru sjö. Það eru foreldraviðtöl, öskudagur, föstudagurinn stutti og skólaslit.

Þorablót

Þorablót Fellaskóla er haldið á Bóndadegi ár hvert. Þorablótsskipulag er í höndum 8. bekkjar, en allir bekkir fá tækifæri til að koma með skemmtiatriði. Þorablótið fer fram í hádeginu og er þá etinn þorramatur, sunginn fjöldasöngur og dansað.

Skíðaferðalag

Reynt er að fara í skíðaferð einu sinni hvert skólaár. Þá fara allir nemendur skólans saman og verja einum skóladegi í fjallinu. Lagt er af stað kl. 9:00 og koma yngri nemendur heim um kl 14:00 og eldri nemendur um kl. 15. Skíðaferðin er farin á skíðasvæðið í Stafdal. Skíðaferðin verður farin þegar veður og færð leyfa og auglýst með stuttum fyrirvara.

Árshátíð

Sameiginleg árshátíð allra nemenda er á dagskrá 7. apríl 2022. Þann dag mæta nemendur í skólann og taka auk þess þátt í sýningu að kvöldi.

Föstudagurinn stutti

Daginn eftir árshátíð er föstudagurinn stutti haldinn hátíðlegur. Þann dag snýst skólastarfið að mestu um páskafrændur, en nemendur og geta valið sig á stöðvar eftir áhugasviði. Í hádeginu borða allir saman áður en haldið er í páskafrí.

Mývatnsferð

Árlega er farið með 7. bekk í námsferð að Mývatni. Sú ferð er farin í samstarfi við aðra skóla á Fljótisdalshéraði og í samvinnu við Umhverfisstofnun. Gist er í 2 nætur og unnin verkefni í tengslum við jarðfræði og náttúrufræði á svæðinu.

Starfsfólk

Anna Birna Einarsdóttir Skólastjóri
Hjördís Marta Óskarsdóttir Aðstoðarskólastjóri
Helena Rós Einarsdóttir Verkefnastjóri stoðþjónustu
Kristjana Ditta Sigurðardóttir Skólaritari

Teymi - Yngsta stig

Elke Angelika Schnabel Sérkennari
Harpa Rós Björgvinsdóttir umsjónarkennari
Guðmunda Guðlaug Sveinsdóttir umsjónarkennari
Michelle Lynn Mielnik umsjónarkennari
Kristín Þorvaldsdóttir stuðningsfulltrúi

Teymi - Miðstig:

Áslaug Sigurgestdóttir kennari
Einar Árni Jóhannsson kennari
Halla Helgadóttir umsjónarkennari
Þórður Mar Þorsteinsson umsjónarkennari
Kristín Hrönn Sævarsdóttir stuðningsfulltrúi

Teymi – Unglingastig

Elísabet Ósk Sigurðardóttir þroskajálfi
Jóhann Örvarsson kennari
Rannveig Hrönn Friðriksdóttir umsjónarkennari
Sólrun Víkingsdóttir umsjónarkennari

List – og verkgreinar

Einar Árni Jóhannsson – Íþróttir
Guðný Drífa Snæland - Heimilisfræði
Myrra Mjöll Daðadóttir -Myndmennt
Þorvaldur S. Benediktsson- Smíði
Þóhalla Sigmarisdóttir -Textílmennt

Skólaliðar/ stuðningur

Anna Kjerulf
Ástríður Vala Gunnarsdóttir
Fanný Ósk Mittelstein
Harpa Hlín Jónasdóttir
Guðný H. Sóllilja Björnsdóttir

Borgarfjörður eystri

Sigurður Högni Sigurðsson deildarstjóri
Tinna Magnuson kennari
Jóna Björg Sveinsdóttir kennari leik – og grunnskóla
Sylvía Ösp Jónsdóttir starfsmaður á leikskóla
Sólveig Hjarðar Matráður/ skólaliði/ stuðningfulltrúi

Skólahjúkrun

Eru í skólanum á miðvikudögum
Magnfríður Ólöf Pétursdóttir
Ragnildur Rós Indriðadóttir

Nemendur

Val nemenda á unglingsstigi

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskólanna eiga nemendur á unglingsstigi að hafa 870 mínútur á viku til ráðstöfunar í val. Nemendur fá metna atvinnuþátttöku, íþróttæfingar, þátttöku í Björgunarsveitinni og tónlistarnám allt að 160 mínútur á viku.

Í skólanum eru valgreinar á miðvikudögum frá kl. 13. 00 – 15.00

Á mánudögum fá nemendur metið val sem samsvarar 1. klst (14.00 – 15.00)

Val á unglíngastigi

Valgreinatímabilin eru fjögur á skólaárinu

01.09 - 20.10

27.10 – 15.12

05.01 – 23.02

09.03 – 11.05

Í fyrstu lotu höfðu nemendur val um að fara í, Bíllinn, förðun, hollusta og heilsa, hreyfingu og lotubundið verkefni að eigin vali með mentor sem þau velja sér og leiðbeinir þeim í því sem þau velja sér að gera.

Skólaráð

Í skólaráði eru:

Nemendur: Dagbjört Dagbjartsdóttir (10. b)

Foreldrar: Margrét Dögg Guðgeirsdóttir og

Kennarar: Michelle Lynn Mielnik,

Almennt starfsfólk: Kristín Þorvaldsdóttir

Skólastjóri: Anna Birna Einarsdóttir

Nemendaráð

Í nemendaráði eru:

Ragnar Torfason 10. bekk

Ína Berglind Guðmundsdóttir 9. bekk

Sóley Dagbjartsdóttir 8. bekk

Gabriel Glói Freysson 7. bekk

6. bekk

Anna Birna Einarsdóttir Skólastjóri

Foreldrafélag

Stjórn Foreldrafélags Fellaskóla 2018-2019

Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar, margret.gudgeridottir@mulathing.is

Hrafnhildur Unnur Einarsdóttir (habba24@gmail.com)

Fjóla Rún Jónsdóttir, fjola.jonsdottir@mulathing.is

Varamaður: Guðný Drífa Snæland, gudny.snaeland@mulathing.is

Skólareglur – voru endurskoðaðar og bættar í janúar 2020.

Skólareglur Fellaskóla

Einkunarorð Fellaskóla eru „mennt er máttur ef þú ert sáttur“ og miða skólareglur skólans að því að styðja við jákvæðan skólabrag og vellíðan nemanda.

Í reglugerð um skólareglur í grunnskólum segir m.a. að hver grunnskóli skuli setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Eiga reglurnar að stuðla að því að skólabragur og starfsandi í skólanum sé sem bestur. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu.

Allar skólareglur Fellaskóla gilda á skólatíma nemenda sem og í öllum ferðum á vegum skólans.

Almennar reglur

- Við sýnum tillitssemi og fylgjum almennum umgengnisreglum
- Við förum eftir fyrirmælum starfsfólks
- Við leggjum okkur fram við að vera góðar fyrirmyndir og sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi
- Við beitum hvorki andlegu né líkamlegu ofbeldi
- Við gætum þess að hafa vinnufrið
- Við komum ekki með orkudrykki, gosdrykki, snakk eða sælgæti í skólann
- Öll notkun tóbaks, rafretta, áfengis og annarra vímuefna er óheimil í og við skólann

Umgengni

- Við göngum vel um skólann og skólalóðina. Við förum vel með námsgögn, allan búnað skólans og eigur annarra
- Við göngum frá eftir okkur, hendum rusli í ruslafötur og hjálpumst að við að halda skólanum snyrtilegum
- Við leggjum okkur fram við að flokka rusl
- Við förum úr útiskóm í anddyri og röðum í skóhillur
- Við truflum ekki á kennslutíma
- Við höldum okkur innan skólalóðar á skólatíma nema um annað sé samið

Námsgögn

- Við mætum með viðeigandi námsgögn í kennslustundir
- Við mætum með sundföt og handklæði í sund
- Við mætum með íþróttaföt og handklæði í íþróttir

Mætingar

- Við komum á réttum tíma í allar kennslustundir og erum tilbúin að hefja störf þegar kennslustund byrjar
- Við komum vel úthvöld í skólann
- Nemendum er ekki veitt leyfi úr kennslustundum nema að beiðni foreldra/ forráðamanna
- Yfirgefi nemandi kennslustund án leyfis kennara fær hann skráða fjarvist

Snjalltækjanotkun

- Við látum ekki snjalltæki trufla okkur í námi
- Símanotkun er óheimil hjá 1. – 7. bekk, símar mega vera í skólatösku á hljóðlausri stillingu
- Í 8. – 10. bekk eiga nemendur að geyma símana sína í þar til gerðum vösum við kennaraborð á meðan á kennslustund stendur og nota þá aðeins með leyfi kennara. Ekki má taka myndir/myndbönd af nemendum og starfsfólki skólans nema með leyfi þeirra

Viðurlög við brotum á skólareglum Fellaskóla

Við brot á skólareglum fara viðbrögð og viðurlög eftir eðli brots samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í dagsins önn er ekki óeðlilegt að nemendur gleymi sér og þurfi leiðsögn um viðeigandi hegðun. Því eru flest mál leyst innan skólans í samvinnu við nemandann og foreldra/forráðamenn. Sé óviðunandi hegðun viðvarandi er barn stutt til að bæta hegðun sína með markvissum aðgerðum skóla, heimilis og utanaðkomandi aðila eftir því sem tilefni er til.

Ef nemandi veldur verulegri truflun á kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa nemandanum úr tíma til skólastjórnaenda sem ræða við nemandann um eðli brotsins og afleiðingar. Einnig er umsjónarkennara gerð grein fyrir málinu og haft er samdægurs/samstundis samband við foreldra/ forráðamenn nemandans.

Við ítrekuð brot ber umsjónarkennara að reyna að leita orsaka og ráða á því bót m.a. með reglulegum viðtölum við nemandann og forráðamenn. Einnig er skólastjóra gert viðvart og leitað til utanaðkomandi aðila s.s. sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins eftir því sem tilefni er til. Skólanum er einnig heimilt að meina nemandanum tímabundið þátttöku í kennslustundum og fá honum önnur viðfangsefni innan skólans í umsjá starfsmanns skólans.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Þeir skulu bæta tjón sem þeir valda og eru slík tilvik metin hverju sinni.

Valdi notkun síma/ snjalltækja truflun í skólastarfinu er unnið samkvæmt samningi skólans um síma/ snjalltækjanotkun.

Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er í ferðum á vegum skólans verður hann sendur heim á kostnað forráðamanna sinna.

Alla fjarveru nemenda frá skóla skal skrá inn í Námfús. Við slaka skólasókn er unnið eftir verklagsreglum um skólaforðun (sjá á heimasíðu skólans). Umsjónarkennarar fylgjast með skráningu varðandi nemendur sína og skulu senda forráðamönnum ástundunarpósta a.m.k. mánaðarlega.

Hafi umsjónarkennari vísað málum nemanda til skólastjóra vegna brota á skólareglum eða slakrar skólasóknar er það ákvörðun skólastjórnaenda í samráði við umsjónarkennara og foreldra hvort vísa skuli málefnum nemandans inn í Austurlandslíkanið.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum enda verði forráðamönnum og fræðsluyfirvöldum tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólastjórnaenda.

Áætlanir

Undir flípanum Hagnýtt á heimasíðu Fellaskóla <http://www.fell.is> eru áætlanir;

- Áfallaáætlun
- Áætlun við einelti
- Eldvarnaráætlun
- Forvarnir gegn skólaforðun
- Jafnréttisáætlun
- Starfsmannastefna
- Viðbrögð við farsótturm
- Símareglur

Undir stoðþjónusta er einnig að finna áætlanir og hagnýtar upplýsingar s.s.

- Móttaka nýbúa
- Austurlandslíkanið

+

Innra mat

Viðfangsefni innra mats skólaárið 2020 - 2021 voru skólanámskrá, starfsáætlun, nám og námsárangur, líðan nemenda og starfsfólks og stjórnun.

Hér fyrir neðan má sjá þau viðfangsefni sem Fellaskóli hefur til viðmiðunar í innra mati skólans.

Viðfangsefni sjálfsmats Fellaskóla	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026
Skólanámskrá, t.d. stefna, markmið, inntak, nám og námsmat	X		X		X	
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta	X	X	X	X	X	X
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X	X
Nemendur t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X		X		X	
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X	X		X		X
Stjórnun	X		X		X	
Viðmót og menning skóla		X		X		X
Aðbúnaður			X			X
Ytri tengsl, samstarf heimilis og skóla, við önnur skólastig og nærsamfélag		X		X		X

Umbótaáætlun/ þróunarstarf		X		X		X
-------------------------------	--	---	--	---	--	---

Starfsþróun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/ starfsþróunaráætlun sem lögð er fram á hverju starfsári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á meðalári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem er hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér.
- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við sig nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/ eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að fara á námskeið samkvæmt starfsþróunaráætlun skólans ef hún er gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og kennurum að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (handbók um kjarasamninga bls. 34)

Leiðir til að sinna starfsþróun:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (það telst ekki sem hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun
- Umbóta og þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám, lestur, myndbönd o.fl.

Umbóta og þróunarstarf í Fellaskóla – áherslur og markmið 2020 – 2021

Skólaárið 2020 – 2021 var unnin þróunarvinna með þrjá veigamikla þætti í skólastarfinu. Það voru teymiskennsla, teymisvinna, námsmat og bekkjarfundir. Allir þessir liðir hafa áhrif hvern á annan.

Teymiskennsla / teymisvinna

Í teymiskennslu er gengið út frá því að kennarar beri sameiginlega ábyrgð á nemendahópum og vinni saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmati. Litið er á kennara, stuðningsfulltrúa, sérkennara, þroskaþjálfara sem teymi ákveðins stigs.

Í vetur vinna ákveðnir hópar fagfólks að því að þróa teymisvinnu hjá sér og nemendum á þremur stigum. Þannig vinnur ákveðinn hópur fagfólks með yngsta stig (1. – 4. bekkur), annar hópur fagfólks vinnur í teymi að skipulagi og kennslu nemenda á miðstigi (5. – 7. bekkur) og þriðji hópur fagfólks vinnur í teymi á unglíngastigi.

Ákveðið var að fara í samkennslu með öll stigin en hingað til hafa sumir árgangar verið í samkennslu en aðrir ekki. Árgangarnir eru misstórir og því kemur best út að kenna stigunum saman á mismunandi hátt s.s. með þemaverkefnum, í lotubundinni kennslu, í útikennslu og útinámi, samkennslu og samþættingu námsgreina. Þannig verður farið í að þróa með markvissum hætti teymisvinnu og teymiskennslu þar sem litið verður á hvert stig (yngsta, mið-og unglíngastig) sem eina heild. Kennarar læra saman og bera sameiginlega ábyrgð á að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Hvert stig hefur haft svigrúm til að skipuleggja kennsluna með mismunandi hætti. Þó liggur rauður þráður í gegn um öll stig – þ.e. sömu markmið liggja til grundvallar umbóta- og þróunarstarfinu á öllum stigum.

Á yngsta stigi eru nemendur árganga hjá umsjónarkennara nema 1. og 3. bekkur er þar í samkennslu. Þar eru nemendur 13,5 kest. þvert á árganga í þema- og lotubundnum verkefnum. Umsjónarhópur hjá umsjónarkennara í 7,5 kest. og 7,5 kest. í list- og verkgreinum.

Á miðstigi (5. – 7. bekkur) er þremur árgöngum skipt niður í tvo hópa. Þar eru nemendur í þemabundnum samþættem verkefnum í hálfan mánuð og bóklegum námsgreinum í hálfan mánuð. Nemendur eru 6 kest. á viku í list- og verkgreinum.

Á unglíngastigi er nemendum skipt niður í tvo hópa þvert á árganga. Þar er kennt í lotum og nemendur fá lotuskipulag fyrir misjafnlega langan tíma þar sem allar námsgreinar eru undir. Á unglíngastigi eru 3. kest. í list- og verkgreinum á viku – 5 kest á viku í valgreinar (metið val og kennt í skóla).

Allir árgangar eru í blönduðum hópum þvert á árganga í list- og verkgreinum og íþróttum.

Markmið með teymiskennslu (rauði þráðurinn)

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir nemendur
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum

- Efla og styrkja samvinnu og samskipti nemenda
- Efla sjálfstæði og sjálfsábyrgð nemenda í eigin námi
- Auka það að vinna nemenda stýrist af markmiðum aðalnámskrár í stað vinnubóka
- Efla og styrkja samvinnu fagfólks í skólanum

Námsmat

Síðasta vetur átti sér stað umræða og vinna við endurskoðun námsmats. Námsmatshópur var að störfum við að skoða með hvaða hætti best væri að haga námsmatinu hér. Ákvörðun var tekin um að vinna námsmatið í Námfús sem er skráningarkerfi skólans.

Vinnan er á frumstigi í vetur 2020 - 2021 en verður unnið áfram með markvissum hætti í teymunum. Þar sem teymin koma sér saman um hvað á að meta, með hvaða hætti og að það sé hagnýtt og skýrt fyrir kennurum. Námsmatið tekur mið af kröfum aðalnámskrá grunnskóla 2013 og stuðst er við matskvarðann A – D. Metið er út frá lykilhæfni og hæfniviðmiðum námssviða. Forritið Námfús verður notað til að styðja við námsmatsferlið og miðla upplýsingum.

Bekkjarfundir

Liður í að efla lýðræði og þátttöku nemenda í skólastarfinu er að skapa aðstæður þar sem nemendur hafa tækifæri til að segja sína skoðun með viðeigandi hætti. Bekkjarfundir eru einnig mikilvægur liður í eineltisáætlunum skóla þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að ræða samskipti og ágreining ásamt fleiru á bekkjarfundum. Í hverjum bekk eiga að vera bekkjarfundir einu sinni í viku.

Leiðir til starfsþróunar

- Teymin læra saman og þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu
- Fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum og teymisfundum
- Námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/ starfsmenn sækja sjálfir
- Lestur og kynningar fyrir aðra starfsmenn
- Lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti

Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun í Fellaskóla 2020 – 2021

Heiti og viðfangsefni	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
Kynninga á Brúarskipulagi í Brúarásskóla	júní 2020	Fyrir alla	Natalia Wróblewska
Netkynning frá Námfús um námsmat	ágúst 2020	Allir kennarar	Skúli Thorarensen

Kynning frá leiðtogum í stærðfæðikennslu	21.09.2020		Michelle Mielnik Halla Helgadóttir
Kynning frá leiðtogum í Stærðfæðikennslu Hvernig vinna á með hugtök í stærðfræði í samtali.	19.10.2020		Michelle Mielnik Halla Helgadóttir
Námsmat – hæfniviðmið, uppsetning	2.11.2020	Allir kennarar	Michelle Áslaug Saga Guðný Drífa
Námsmat – hæfniviðmið, v	9.11.2020	Allir kennara	Michelle Áslaug Saga Guðný Drífa
Mismunandi tegundir námsmats Námsmöppur – ferilmöppur Sjálfsmat og jafningjamat Matssamtal og foreldrafundur		Allir kennarar	Skólastjóri
Bekkjarfundir - fyrirkomulag og skipulag	20		Skólastjóri
Bekkjarfundir – fyrirkomulag og skipulag	08.02.2021		Skólastjóri
Lestur greina um teymiskennslu – Kynning á stígunum – hvernig gerum við þetta?	08.03.2021	Allir kennarar	Skólastjóri
Umræður og samræður – hvað gengur vel, hvað erum við ánægð með, hvað getum við gert betur og hverju þarf að breyta?	03.06.2021	Öll stigin	

Umbóta og þróunarstarf í Fellaskóla – áherslur og markmið 2021 – 2022.

Niðurstöður úr matsvinnu teyma 03.06 2021

Teymisvinna

Teymi	Kostir við teymisvinnu, hvað gekk vel	Ókostir við teymisvinnu, það sem betur má fara
Yngsta stig Kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar.	<ul style="list-style-type: none"> • Gott að vinna með öðrum og fá að sýn á viðfangsefnin. • Gott að geta rætt málin, fengið hugmyndir og aðstoð við framkvæmd. • Gott að hafa svipaðan grunn en fara mismunandi leiðir, skiptast á verkefnum og geta gert sameiginlegt uppgjör • Gott að hafa stuðningsfulltrúa og sérkennara með á skipulagsfundum • Nýta styrkleika hvers kennara og gera að sínu • Sérkennari upplifir sig meira sem kennara í hópi sem hann tilheyrir og það eykur skilning allra á þörfum og nálgun sérkennslu • Gott að hafa sameiginleg verkefni á stiginu nokkrum sinnum yfir skólaárið • Samstarf og samþætting með list- og verkgreinum kostur 	<ul style="list-style-type: none"> • Vont þegar stuðningsfulltrúar geta ekki verið með á fundum • Hindrar kennara í undirbúningi verkefna að þurfa að bíða eftir vinnutíma teymis • Mismunandi verklag heftir flæði hjá einstaklingum – fólk misskipulagt • Meira álag og flækjustig, fyrsta árið? Óöryggi? Aukin vinna? • Meiri tími sem fer í vinna hæfniviðmið með öllu teyminu • Þarf að endurskoða forföll þá daga sem umsjónarkennari er ekki í vinnu? • Samskipti á milli stiga minnka • Hætta á að taka allt of marga þætti inn í hverja lotu • Verkgreinakennarar uppteknir þegar teymin unnu saman
Miðstig Kennarar og stuðningsfulltrúi	<ul style="list-style-type: none"> • Gefandi samstarf kennara • Reynir meira á samskipti og skipulag - kostur • Nemendur eru ánægðir 	<ul style="list-style-type: none"> • Breytingar á vinnu kennara í teyfum á miðju skólaári ekki heppilega

		<ul style="list-style-type: none"> • Innlagnartímar gleymast og sum fög fá meiri tíma en önnur • Stundatöflur – t.d. að fá nemendur ekki í upphafi dags er ókostur • Sérstuðningur við lesturnemenda þyrfti að vera meiri • Þyrfti að koma til sérfræðimanneskja til að sinna nemendum sem þrífast illa í skólanum vegna heimilisaðstæðna, greininga eða annarra vandamála.
<p>Unglingastig Kennarar, sérkennari og þroskaþjálfari</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gott að vinna saman – gott að hafa sérkennara og þroskaþjálfara inni í teyminu • Samráð um nemendur – að geta ráðfært sig við aðra kennara um málefni einstaka nemenda og skipuleggja saman • Kemur vel út að hafa sérkennslu inni í bekk. Sérkennari nýtist öllum nemendum • Gott að hafa þroskaþjálfara inni í bekk. Allir nemendur græða og nemendur með sérþarfir upplifa sig hluta af hópnum • Mikilvægt og hefur komið vel út í teymisvinnunni að bóknámskennarar séu í gati á sama tíma og geti skipulagt kennsluna saman • Gott að hafa stundatöflurnar þannig að kennara í bóklegum fögum eru allir að kenna á sama tíma og geta skipulagt loturnar út frá því 	<ul style="list-style-type: none"> • Vantar skipulagða árgangatíma svo nemendur fái “bekkjarfilinginn” • Kennarar áttu erfitt með að hafa yfirsýn yfir sína umsjónarnemendur. Þarf að skipuleggja betur umsjónarhópa nemenda s.s. með tilliti til aldursskiptingar, stofuskiptingar. • Erfitt fyrir kennara að vera inni í öllum námsgreinum og stöðu allra nemenda • Aðstöðuleysi – mjög erfitt að færa vinnuaðstöðu kennara inn í skólastofu nemenda
<p>List- og verkgreinar íþróttakenni, sundkennari og list- og verkgreinarkennarar</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kostur að geta unnið með umsjónarkennurum • Kostur að geta unnið með öðrum list- og verkgreinakennurum í skipulagi verkefna 	

Lotubundið skipulag

Teymi	Kostir við lotubundið skipulag	Ókostir við lotubundið skipulag
Yngsta stig	<ul style="list-style-type: none"> • Yngri nemendur læra af þeim eldri • Getuminni nemendur njóta sín oft betur í aldursblönduðum hópi • Þema eða viðfangsefni og samþætt nám í tengslum við það • Stundataflan góð • Gott að vera með útinámshringekju 	<ul style="list-style-type: none"> • Oft mjög mikill getumunur og þroskamundur á einstaklingum • Nemendur lengur að ná framförum því ábyrgðin dreifist á milli kennara og þá detta sumir niður á milli af ýmsum ástæðum • Umsjónarkennari missir stundum yfirsýn yfir stöðu nemenda • Spurning hvort byrjendalæsið haldi jafn sterkri stöðu í lotuskipulagi þ.s. eru mismunandi blandaðir hópar og áherslur? • Að umgangast of marga kennara og skipta oft um stofu var ruglingslegt fyrir marga nemendur
Miðstig	<ul style="list-style-type: none"> • Gekk illa að skipta í hópa til að byrja með • Börnin gátu sjálf valið sér vinnufélaga • Lotuvinna með samþættum verkefnum námsgreina gafst vel og var gefandi. • Gerði námsumhverfið fjölbreyttara 	<ul style="list-style-type: none"> • Passa innlagnartíma í ákveðnum námsgreinum • Gæta þess að allar námsgreinar hafi það vægi sem þær eiga að hafa
Unglingastig	<ul style="list-style-type: none"> • Loturnar koma vel út – gott að allir hafi sömu viðfangsefnin þó svo verkefnin séu aðlöguð einstaklingum. Eykur samheldni að vera hluti af hópnum • Aldursblöndunin góð – nemendur hafa eignast fleiri vini, vinna meira saman og færri árekstrar í samskiptum nemenda. 	

	<ul style="list-style-type: none"> • Áreiti að einstaka nemendum dreifist á fleiri og jafnar álagið. • 	
List- og verkgreinar		<ul style="list-style-type: none"> • Of langri tímar hjá yngstu nemendum í einu • Of breitt bil á milli nemenda í 1. – 4. bekk • Mætti samþætta vinnu í list- og verkgreinum meira við bóklegar greinar. Á miðstigi t.d. mætti elda ákveðnar uppskriftir eða búa til, gera bók um þær í myndmennt, sauma svuntu í heimilisfræði og smíða bókastand undir matreiðslubókina í smíðum.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum úr matsvinnu teyma og ytri úttekt MMS vor 2021.

Teymisvinna:

- Féllum frá algerri blöndun á stigum og fórum í umsjónarbekki með tveimur samkennsluárgöngum á hverju stigi vegna fárra nemenda í 4., 5., og 8., bekk.
- Umsjónarhópar með umsjónarkennara og bekkjarfundir í umsjónarhópum.
- Ákveðnar námsgreinar á stundatöflu að hluta.
- Héldum lotuskipulaginu og lotutímunum að hluta.
- Starfsfólk vinnur áfram í teyllum að skipulagi og undirbúningi – kennarar og stuðningsfulltrúar eru með fasta fundar og samstarfstíma á stundatöflu.

Lotubundið skipulag:

- Tækifæri til innlagna í ákveðnum námsgreinum þar sem þær hafa fengið fastan tíma í töflu.
- Fyrsti bekkur tekinn út úr list- og verkgreinarúllu yngsta stigs og getubilið þannig minnkað í þeim lotum.
- Settir inn fastir tímar námsgreina til jafns við lotutíma nemenda þar sem nemendur hafa tækifæri til að velja hvernig þeir vinna verkefni og hvenær – ákv. skiladagur.
- Skipulagðir "árgangatímar" í bland við blandaða hópa.
- Markviss samþætting list- og verkgreina innbygðis og við stigin í ákveðnum lotubundnum verkefnum s.s. blómaverkefni á miðstigi, BL. vinna á yngsta stigi um sveit og borg og flr.

Skólaárið 2021 – 2022 höldum við áfram á sömu braut og á síðasta skólaári, leggjum áherslu á teymisvinnu starfsfólks, lotubundið skipulag með ofantöldum úrbótum þar sem markmiðið er að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda og efla val þeirra til að hafa frumkvæði og stjórn í eigin námi.

Próunarverkefni leiðandi kennara á hverju stigi felast í að kynna sér og innleiða leiðsagnarnám í skólanum. Við gerum ráð fyrir að sú innleiðing taki þrjú ár.

Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun í Fellaskóla 2021 - 2022

Heiti og viðfangsefni	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
Leiðsagnarnám – kynning á umfangi verkefnis og vinnulagi	ágúst 2021	Alla kennara	HA
Kynning á verkefnum kennara sem falla undir önnur fagleg störf kennara (8,14)	september 2021	Alla kennara	Skólastjóri
Útinám/ útikennsla	2021 - 2022	Alla	Michelle, Þórður, Guðný Drífa, Kristín Hrönn
Leiðsagnarnám - leiðtogar	2021 - 2022	Alla	Áslaug, Michelle, Sólrún/ Rannveig, Anna Birna
Skólanámskrá – nám og kennsla	2021 - 2022	Alla	Halla, Rannveig, Sólrún, Michelle
Lestrarstefna endurskoðuð, fullunnin og gerð opinber	2021 - 2022	Alla	Sólrún, Áslaug, Helena Rós
Námsmat – setja upp og flokka námsmat	2021	Alla	Skólastjórnendur
Innra mat	2021-2022	Alla	Skólastjórnendur
Fræðsluráð	2021 - 2022	Alla	Skólastjórnendur

Starfsáætlun 2021 - 2022
